

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt eftirfarandi deiliskipulag og umhverfisskýrslu:

Deiliskipulag fyrir skika úr landi Rauðalækjar, Ölfusi.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss, 2010-2022 um stefnu sveitarfélagsins að uppbygging á landbúnaðarjörðum verði sem mest í þeim greinum er falla að landbúnaði. Skikinn er 9,7 ha sem er fyrirhugaður til uppbyggingar á alifuglabúi. Fyrirhugaðar byggingar eru 5 hús. Stærð húsa er um 2-3 þúsund fermetrar, fyrir 39.900 stæði fugla í heildina. Leyfilegt nýtingarhlutfall er 0,05. Aðkoma að skikanum er um veg er liggur frá Þjóðvegi 1 að Ásnesi. Landeigendur Ásness hafa veitt skriflegt leyfi fyrir að nýta aðkomuvegin yfir sitt land að lóðinni. Veitt var undanþága af umhverfisráðherra fyrir ákvæðum reglugerðar nr. 941/2002, 4. mgr. 24. gr. um hollustuhætti þar sem mannvirkin eru minna en 500 m frá húsunum á næstu jörð.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 28. júlí 2014.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 29. júlí 2014